



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts 4. ágúst 2020 kl. 18:00

**Mætt:**

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Baldvin Hansson (BH), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Fylkir Jónsson (FJ), Sigurbergur Eiríksson (SE), Ragnar Róbertsson (RR), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS)

**Fjarverandi:**

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Skipun í Öryggisnefnd AKÍS

Samþykkt að skipa Ara Hjaltason í nefndina. Hann hefur mikið verið í rallycrossinu síðustu ár sem öryggisfulltrúi og skoðunarmaður ásamt fleiri hlutverkum þar og hefur mikinn áhuga á því að bæta og gera motorsportið betra.

### 2. Skipun í NEZ nefndir og ráð

Samþykkt að Helga Katrín Stefánsdóttir verði fulltrúi Íslands í NEZ Council. Keppnisráð eiga eftir nýjum reglum að skipa í NEZ nefndir.

|                      |                 |
|----------------------|-----------------|
| Jón Bjarni Jónsson   | Racing          |
| Halldór Jóhannsson   | Drifting        |
| Baldvin Hansson      | Rallycross      |
| Tryggvi M. Þórðarson | Eco Run         |
| Ragnar Róbertsson    | Formula Offroad |
| Ísak Guðjónsson      | Rally           |

### 3. Skipun í FIA nefndir og ráð

AKÍS á fulltrúa í þremur nefndum FIA:

|                          |                                |
|--------------------------|--------------------------------|
| Guðný Jóna Guðmarsdóttir | Women in Motorsport Commission |
| Halldór Jóhannsson       | Drifting Commission            |
| Jón Bjarni Jónsson       | Drag Racing Commission         |

Keppnisráð greinanna staðfesta sína fulltrúa.

Tryggvi M. Þórðarson hefur lýst yfir áhuga á að bjóða sig fram sem fulltrúi Íslands í FIA Digital Motorsport Commission þegar sú nefnd verður skipuð á næsta ársþingi FIA. Stjórn AKÍS styður hann í þá nefnd.



#### 4. Íþróttaráðstefna FIA á Íslandi í haust

Komin er uppfærð tímaáætlun á íþróttaráðstefnu FIA. Jafnframt verður hér haldinn fundur framkvæmdastjóra akstursíþróttasambanda Evrópu ásamt FIA-NEZ fundum.

Tryggvi M. Þórðarson hefur samþykkt að leiða þessa vinnu fyrir hönd AKÍS.

#### 5. Hertar reglur stjórnvalda

Búið er að fresta tveimur keppnum og stjórn AKÍS styður þau félög sem ákveða að fella niður keppnir vegna aðstæðna.

Fyrri samkomulag um hvernig keppendur og hans lið telji sem einn aðili er ekki lengur í gildi.

Samþykkt að senda út fréttatilkynningu og senda upplýsingar á formenn.

#### 6. Athugasemd vegna félagsaðildar keppanda

Jón Bjarni Jónsson sendi eftirfarandi athugasemd:

Í keppnum helgarinnar kom upp vandamál þar sem keppendur gátu ekki sýnt fram á aðild í því aðildarfélagi AKÍS sem þeir hugðust keppa fyrir.

Við bendum á skjal nr. 10 í upplýsingatöflu 2. umferðar Íslandsmóts í kappakstri 2020 og skjal nr. 11 í upplýsingatöflu 2. umferð Íslandsmóts í drifti 2020.

Við óskum eftir leiðbeiningum frá stjórn AKÍS hvernig skal tekið á þessum málum.

Nú geta félög sent inn lista af greiddum félagsmönnum í CSV skrá auk þess að geta merkt við greidda félagsmenn.

AKÍS hefur einnig útbúið drög að handbók mótakerfisins fyrir keppnishaldara.

Tillaga að svari til Jóns Bjarna verður lögð fyrir stjórn.

#### 7. Önnur mál

**Styrktarumsóknir** - Rætt um sérstaka styrki vegna unglingastarfs. Þetta verður mótað betur og tekið fyrir á formannafundi í haust. Samþykkt að opna fyrir nýjar umsóknir.

#### 8. Næsti fundur

Hangouts 18. ágúst 2020 kl. 18:00.

#### 9. Fundi slitið 19:17